

Fangageymslan á Hverfisgötu

Lögreglustjórinn á
höfuðborgarsvæðinu

Desember 2025
Eftirfylgniskýrsla



Útgefandi

Umboðsmaður Alþingis
Reykjavík
2025

Hönnun & umbrot

Kolofon hönnunarstofa

Forsíðumynd

Lögreglustjórinn á
höfuðborgarsvæðinu

Leturgerðir

PT Serif
Funnel Sans

ISSN

3119-0006

OPCAT-eftirlit með aðstæðum frelsissviptra

Fangageymslan á Hverfisgötu

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

Desember 2025

Eftirfylgniskýrsla

Efnisyfirlit

1	Um eftirfylgnina og skýrsluna	4
2	Viðbrögð við tilmælum og ábendingum	6
	Almennt	
	Tilmæli og ábendingar sem brugðist var við	
	Brugðist við að hluta	
	Vinna stendur yfir	
	Samráðsvettvangur settur á fót	
	Ekki brugðist við	
	Sérstök áhyggjuefni	
3	Tilmæli og ábendingar áréttaðar	20
4	Upplýsingar sem gáfu tilefni til nýrrar heimsóknar	24
5	Lokaorð	26

1 Um eftirfylgnina og skýrsluna

Eftirfylgniheimsókn¹ umboðsmanns Alþingis, á grundvelli OPCAT-eftirlits,² sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu í Reykjavík, sem er í umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH),³ fór fram 11. apríl 2024. Um var að ræða eftirfylgni í tilefni heimsóknar á lögreglustöðina við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019 og skýrslu sem gefin var út vegna þeirrar heimsóknar 26. október 2020. Í skýrslunni beindi umboðsmaður vel á fjórða tug tilmæla og ábendinga til lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem fylgt er eftir með þessari úttekt.

Í heimsókninni 11. apríl 2024 sátu starfsmenn umboðsmanns fund með stjórnendum hjá lögreglustjóranum þar sem farið var yfir viðbrögð embættisins við tilmælum og ábendingum í fyrrnefndri skýrslu. Í kjölfarið var aðbúnaður í fangageymslunni skoðaður með tilliti til þeirra tilmæla og ábendinga sem höfðu snúið að honum. Eftir heimsóknina var óskað eftir tilteknum gögnum varðandi vistun handtekinna einstaklinga í fangageymslu í þeim tilgangi að kanna hvort og eftir atvikum hvernig fylgt var eftir ýmsum ábendingum og tilmælum, þar á meðal um skráningar og tilkynningar, svo sem til forsjáraðila eða barnaverndar. Meðal annars var óskað eftir vistunarskýrslum og dagbókarfærslum síðustu tvær vikurnar fyrir heimsóknina og vistunarskýrslum vegna barna⁴ síðustu sex mánuði fyrir heimsóknina. Umbeðin gögn bárust umboðsmanni 8. maí 2024. Samkvæmt gögnunum voru á tveggja vikna tímabili, 28. mars til 11. apríl 2024, samtals 87 vistanir í fangageymslunni við Hverfisgötu. Þá var um að ræða átta vistanir barna síðustu sex mánuðina fyrir heimsóknina. Vistanirnar vörðu allt frá tæpri klukkustund upp í tæpan sólarhring. Meirihluti vistana varði þó í yfir tíu klukkustundir.

1 Um er að ræða fyrstu formlegu eftirfylgniheimsókn umboðsmanns á grundvelli OPCAT-eftirlitsins.

2 OPCAT stendur fyrir valfrjálsa bókun við samning Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (e. *Optional Protocol to the Convention against Torture and other Cruel, Inhuman or Degrading Treatment or Punishment*). Bókunin kveður meðal annars á um óháð innlent eftirlit með aðstæðum frelsissviptra og hefur umboðsmanni Alþingis verið falið að sinna því eftirliti.

3 Um almennar upplýsingar um embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og fangageymsluna við Hverfisgötu vísast til skýrslu umboðsmanns frá 26. október 2020, sjá *Skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019*, bls. 17–18. Birt á vefslóð: https://www.um-bodsmadur.is/asset/10049/uma_opcat_heimsoknarskyrsla_logreglustodin_final.pdf [sótt á vef 9. desember 2025].

4 Með börnum er átt við einstaklinga yngri en 18 ára, sbr. 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þau börn sem vistuðust í fangageymslunni á umræddu tímabili voru á aldrinum 15–18 ára.

Eftirfarandi starfsmenn umboðsmanns tóku þátt í heimsókninni 11. apríl 2024:

Elísabet Ingólfssdóttir (lögfræðingur á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

Vilhjálmína Ósk Ólafssdóttir (skrifstofustjóri á sviði frumkvæðismála og OPCAT).

Í júní 2025 var óskað eftir tilteknum upplýsingum og gögnum frá lögreglustjóranum varðandi vistanir tveggja einstaklinga í fangageymslunni á Hverfisgötu. Vistanir þessara einstaklinga í fangageymslu höfðu komið til skoðunar hjá nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL)⁵ sem kom á framfæri ábendingu við umboðsmann Alþingis um þær. Umbeðnar upplýsingar og gögn bárust í ágúst og september 2025. Meðal gagnanna voru upptökur af vistunum umræddra tveggja einstaklinga sem áttu sér stað í mars og ágúst 2024 og verða þær hafðar til hliðsjónar og vísað til þeirra í skýrslunni, eftir því sem við á. Umboðsmaður ákvað í kjölfarið að fara í heimsókn í fangageymsluna þar sem einblínt yrði á eftirlit og umsjón með vistuðum í fangaklefa. Farið var í þá heimsókn 10. og 11. október síðastliðinn en ekki hafði verið tilkynnt um nákvæma tímasetningu heimsóknarinnar fyrirfram. Fjallað verður nánar um tilvitnuð mál og heimsókn umboðsmanns í 4. kafla skýrslunnar.

5 Um er að ræða ákvarðanir nefndarinnar í málum nr. 22/2025 og 26/2025, dagsettar 11. apríl 2025.

2 Viðbrögð við tilmælum og ábendingum

2.1

Almennt

Í skýrslunni sem var birt 26. október 2020 óskaði umboðsmaður eftir því að meðal annars lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu upplýsti innan hálfis árs um viðbrögð embættisins við þeim tilmælum og ábendingum sem settar voru fram í skýrslunni. Viðbrögð lögreglustjórans við skýrslunni bárust umboðsmanni 21. maí 2021, ásamt verklagsreglum um fangageymslur LRH, útgefnunum 18. maí 2021, og fylgiskjöllum með þeim. Þau voru jákvæð jafnframt sem svör við tilmælum og ábendingum umboðsmanns voru ítarleg. Af fundi með stjórnendum embættisins 11. apríl 2024 mátti ráða eindreginn vilja til úrbóta þar sem því yrði komið við.

Í svörum lögreglustjórans kom meðal annars fram að leitast hefði verið við að bregðast við öllum tilmælum og ábendingum sem komu fram í skýrslunni en með sumar þeirra yrði unnið áfram. Fyrir lægi að embættið stæði frammi fyrir hagræðingarkröfum næstu misserin og því yrði erfitt að bregðast við athugasemdum sem byggðu til að mynda á auknum mannafla. Embættið hefði þó leitast við, að því marki sem unnt væri, að gera breytingar í starfsemi sinni til að mæta þeim athugasemdum sem fram kæmu í skýrslunni. Jafnframt hefðu verið gefnar út nýjar verklagsreglur og væru þær meðfylgjandi. Markmið reglnanna sé að tryggja réttarstöðu handtekinna manna sem vistast í fangageymslu og að ákvæði laga og alþjóðlegra skuldbindinga varðandi réttindi þeirra séu virt, öryggi handtekinna einstaklinga og starfsfólks tryggt og verkferlar og ábyrgðarsvið starfsfólks skýrt.

Meðal annarra fylgiskjala með svörunum voru upplýsingar um starfsskyldur starfsfólks í fangageymslu og varðstjóra og aðbúnað í fangageymslu, minnisblað um myndvöktun og drög að mati á ástandi handtekinna einstaklinga. Í því sambandi kom fram að með hliðsjón af athugasemdum umboðsmanns hafi embættið unnið að því að innleiða ástandsmat handtekinna einstaklinga og mat á sjálfsskaðahættu. Þá kom fram að settur hafi verið á fót samráðsvettvangur dómsmálaráðuneytis, ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem ætlað væri að skoða nánar þær athugasemdir umboðsmanns sem lytu að lagaumhverfi vistana í fangageymslum lögreglu auk annarra atriða sem nefnd væru í skýrslunni.

Hér á eftir verða dregnar saman helstu niðurstöður eftirfylgni með tilmælum og ábendingum umboðsmanns frá 2020. Umfjöllunin byggist á svörum lögreglustjórans frá 21. maí 2021 og meðfylgjandi gögnum, upplýsingum frá fundi með stjórnendum 11. apríl 2024, skoðun starfsmanna umboðsmanns á aðbúnaði í fangageymslu og gögnum og upplýsingum sem aflað var í tengslum við vinnslu skýrslunnar.

2.2

Tilmæli og ábendingar sem brugðist var við

Við flestum þeim tilmælum og ábendingum sem umboðsmaður setti fram í skýrslu sinni 2020 varðandi fangageymsluna við Hverfisgötu hefur verið brugðist með einhverjum hætti af hálfu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Að því marki sem unnt er að staðreyna fylgni við tilmælin og ábendingarnar eru viðbrögðin í sumum tilvikum með þeim hætti að umboðsmaður telur þau fullnægjandi og er eftirfylgni með þeim þá lokið að svo stöddu. Þær úrbætur sem hér um ræðir lúta ýmist að tilteknum breytingum á verklagi sem gerðar voru við endurskoðun verklagsreglna um fangageymslur LRH, úrbótum á aðbúnaði í fangageymslunni, breytingum á framkvæmd starfa þar o.fl. Má hér einkum nefna eftirfarandi:

Heimildir til valdbeitingar

Verklag kveður skýrlega á um að almennir starfsmenn sinni nú ekki valdbeitingu í fangageymslum, þó að þeim sé heimilt að aðstoða lögreglumenn við verkefni sem kunna að leiða af valdbeitingu, svo sem með viðtöku og skráningu muna í kjölfar leitar á handteknum einstaklingum.

Notkun fjötra í fangageymslu

Þörf á fjötrum í fangageymslu á nú að vera metin af varðstjóra í samræmi við nýtt verklag, meðal annars með tilliti til þess hvort skilyrði til beitingar þeirra séu uppfyllt. Þá hefur bekkur með fjötrum verið fjarlægður úr fangageymslunni.

Framkvæmd líkamsleitar

Samkvæmt verklagsreglum á leit nú að fara fram í áföngum þannig að viðkomandi sé ekki alveg berháttaður meðan á henni stendur. Einungis lögreglumenn eigi að framkvæma öryggisleit og skal viðkomandi vera sama kyns og sá sem leitað er á.

Myndvöktun

Settar hafa verið upp myndavélar í öllum klefum auk þess sem tekin var ákvörðun um að viðhafa myndvöktun í og við fangageymsluna. Þá er nú að finna reglur um myndvöktun í verklagsreglum.

Einstaklingsbundið mat við inngrip

Hvað varðar tilmæli umboðsmanns um endurskoðun á verklagi þannig að fram fari einstaklingsbundið mat í hverju tilviki á nauðsyn einstakra ákvarðana sem fela í sér inngrip í friðhelgi einkalífs, svo sem við haldlagningu muna og líkamsleit, kemur nú fram með almennum hætti í verklagsreglum að einstaklingsbundið mat skuli fara fram á hinum handtekna, meðal annars með tilliti til þess hvernig vistun skuli háttað. Þá kemur þar einnig fram að ávallt skuli fara fram einstaklingsbundið mat á þörf þess að munir séu haldlagðir og að meðalhófs skuli gætt við öryggisleit.

Ráða mátti að ekki sé mótstaða við þau sjónarmið sem búa að baki tilmælunum en almenn öryggissjónarmið séu talin vega þyngra og því hafi ekki verið talið mögulegt að koma til móts við tilmælin að öllu leyti. Umboðsmaður telur skýringar embættisins á framkvæmd við öryggisleitir og upptöku muna málefnalegar en mun þó fylgjast áfram með þróun þessara mála í síðari heimsóknunum.

Umgangur um sameiginleg rými

Í verklagsreglum er nú kveðið á um að lögreglumenn skuli gæta að því eftir fremsta megni að handteknir einstaklingar séu ekki í augnsýn óviðkomandi við innkomu í fangageymslu, meðal annars við leit.

Frágangur með tilliti til öryggis

Brugðist var við ýmsum tilmælum umboðsmanns sem lutu að frágangi á aðbúnaði með tilliti til öryggis bæði handtekinna einstaklinga og starfsfólks. Þannig hafði brotnu gleri í glugga í móttökuskrifstofu verið skipt út fyrir plexíglar. Einnig höfðu breytingar verið gerðar á móttökuklefunum þannig að nú eru þar heilir setbökkir sem ná niður í gólf og hylja ofna, rör og járnfestingar. Loks hafði biðstofa fyrir yfirheyrsluherbergi verið færð niður um hæð til að tryggja að vitni og sakborningar sjái ekki hvort/hvert annað.

Bið eftir yfirheyrsluherbergjum og túlkabjónustu

Fram kom að ávallt sé leitað leiða til að gera dvöl handtekinna einstaklinga í fangageymslu ekki lengri en nauðsynlegt er og að starfsmenn séu meðvitadír um mikilvægi þess að handteknir einstaklingar séu ekki vistaðir lengur en nauðsyn krefur vegna biðar eftir yfirheyrsluherbergjum eða túlkabjónustu.

Samsetning starfsmannahópsins

Fram kom að kynjahlutfall starfsfólks í fangageymslu sé nokkuð jafnt. Sé starfsmaður á vakt í fangageymslu ekki sama kyns og hinn handtekni sé samkynja lögreglumaður fenginn til að framkvæma inngrip á borð við líkamsleit.

Vistun barna í fangageymslu

Fram kom að samkvæmt verklagsreglum séu börn undir 15 ára aldri aldrei vistuð í fangageymslu og að 15-17 ára börn séu að meginreglu vistuð í öðrum úrræðum. Séu börn af einhverjum ástæðum vistuð í fangageymslu skuli slík ákvörðun ávallt tekin í samráði við barnaverndaryfirvöld. Ávallt skuli hafa samband barnavernd og neyðarvistun Stuðla í því skyni að koma barni í viðeigandi úrræði. Í algjörum undantekningartilvikum geti þurft að víkja frá þessari framkvæmd, svo sem þegar um algjört stjórnsleisi barns sé að ræða. Við þær aðstæður sé vöktun með börnunum meiri en í öðrum tilvikum.

Fræðsla um upplýsingagjöf

Brugðist var við tilmælum umboðsmanns um aukna fræðslu um hvernig staðið skuli að upplýsingagjöf til handtekinna einstaklinga um réttindi þeirra. Í því samhengi var haft í huga að samræmi í framkvæmd yrði tryggt um lögbundin réttindi til samskipta, svo sem við lögmenn og nána vandamenn. Þó kom fram að stjórnendur kysu að almennir starfsmenn í fangageymslu hefðu aðgang að menntun við hæfi, svo sem í líkingu við menntun fangavarda í fangelsum.

Skráning handtökutíma og þess tíma sem vistaður er látinn laus

Í öllum vistunarskýrslum sem umboðsmaður fékk afhentar í tengslum við eftirfylgnina var handtökutími skráður með nákvæmum hætti sem og sá tími sem hinn handtekni var látinn laus.

Brugðist við að hluta

Í öðrum tilvikum er um það að ræða að brugðist hefur verið við tilmælum eða ábendingum umboðsmanns að hluta. Getur þá verið að brugðist hafi verið við einum eða fleiri þáttum í umræddum tilmælum eða ábendingu en ekki öðrum. Einnig kann að vera að tiltekna úrbætur hafi verið gerðar en að umboðsmaður sjái vísbendingar um að þeim sé ekki fyllilega fylgt eftir í framkvæmd. Loks kann að hafa verið brugðist við með tilteknum hætti en umboðsmaður líti svo á að úrbótunum sé ekki þannig háttað að unnt sé að telja þær fullnægjandi viðbrögð við umræddum tilmælum eða ábendingu. Má í þessu tilliti einkum nefna eftirfarandi:

Upplýsingar um myndvöktun

Merkingar um myndvöktun hafa nú verið festar upp víða í fangageymslunni en tekið var fram að vegna öryggissjónarmiða sé ekki hægt að hafa merkingar inni í fangaklefum þar sem þær geti verið handteknum einstaklingum hættulegar. Þegar litið sé út um klefaop sé hins vegar hægt að sjá merkingarnar.

Við eftirfylgnina kom fram að þrátt fyrir að kveðið sé á um það í verklagsreglum að tilkynna skuli hinum handtekna munnlega um myndvöktun, bæði við innkomu og brottför úr fangageymslu, sé því ekki ávallt sinnt en almennt sé upplýst á vettvangi handtöku að viðkomandi sé í hljóði og mynd.

Af upptökum úr fangageymslunni sem umboðsmanni bárust í ágúst 2025 og af heimsókn hennar þangað í kjölfarið var ljóst að pappírsarkir höfðu verið festar með seglum fyrir op á klefadyrum þeirra klefa sem voru í notkun.⁶ Þegar svo háttar til verður að ganga út frá því að hinn vistaði sjái ekki þær merkingar um myndvöktun sem búið er að koma fyrir á klefaganginum. Þá verður ráðið af upptökunum og heimsókninni að einhver misbrestur kunni að vera á að vistaðir séu upplýstir munnlega um myndvöktun inni í klefum, sbr. það sem áður hafði komið fram.

⁶ Fjallað verður nánar um þetta atriði í væntanlegri skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 10. og 11. október 2025. Skýrslan hafði ekki verið birt við útgáfu þessarar skýrslu.

Tækifæri til að fylgjast með því hvað tímanum líður

Í kjölfar tilmæla umboðsmanns um að gera þyrfti handteknum kleift að sjá hvað tímanum líður meðan þeir dvelja í fangaklefa, meðal annars til að gæta að réttindum sínum tengdum vistuninni, var fjöldi klukkna hengdur á veggi ganga fangageymslunnar sem vistaðir einstaklingar eiga að geta séð á út um klefaop.

Líkt og fjallað var um hér að framan varð ljóst að tíðkast hefur að einhverju marki að pappírsarkir séu hengdar fyrir lúguop á klefadyrum þeirra klefa þar sem einstaklingar vistast. Það verður að ganga út frá því að með þessari framkvæmd sé vistuðum gert ókleift að sjá á klukkurnar sem hafa verið hengdar upp á veggi klefaganganna.

Aðgengi að fangageymslu

Ábending umboðsmanns, um að leita leiða til að takmarka aðgengi að inngangi við fangageymslu til að hindra að utanaðkomandi aðilar sjái handtekna einstaklinga þegar þeir eru færðir inn í fangageymsluna, var tekin til skoðunar. Ekki var þó talið mögulegt að loka þeim hluta ports við lögreglustöðina sem liggur að inngangi þar sem bílar með handtekna koma að. Hins vegar var bílahliði með aðgangsstýringu komið fyrir.

Mönnun í fangageymslu

Hvað varðar tilmæli umboðsmanns um að tryggja fullnægjandi mönnun í fangageymslu með hliðsjón af verkefnum og aðstæðum á lögreglustöðinni hverju sinni kemur nú fram í verklagsreglum að tryggja skuli að nægur mannaflí sé til staðar í fangageymslu og að minnsta kosti tveir starfsmenn skuli vera viðstaddir ef klefi er opnaður. Vakthafandi varðstjóri geti kallað til lögreglu á vakt þarfnist starfsmenn fangageymslu aðstoðar við framkvæmd starfa sinna, svo sem vegna salernisferða vistaðra. Þá megi fangageymsla aldrei vera eftirlitslaus. Vegna hagræðingarkrafna sé ekki unnt að bæta við starfsfólki til starfa í fangageymslu að svo stöddu.

Af upplýsingum og gögnum sem umboðsmaður aflaði í tengslum við eftirfylgnina varð ljóst að í framkvæmd er ofangreindu verklagi ekki ávallt fylgt eftir.

Ástandsmat vistaðra

Í verklagsreglum er nú að finna ítarlegt verklag vegna einstaklinga í sjálfs-vígshættu, þar á meðal ástandsmat, eftirlit og aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu. Þar kemur meðal annars fram að hafa skuli samráð við heilbrigðisstarfsmann þygi sýnt að ástand handtekings aðila sé þannig að hann þurfi heilbrigðisþjónustu og meta tíðni eftirlitsferða samkvæmt því.

Á fundi með stjórnendum 11. apríl 2024 kom fram að meðal þeirra sem oft vistast í fangageymslum séu einstaklingar með ákveðnar raskanir og greiningar sem heilbrigðiskerfið taki ekki á móti, meðal annars þar sem tregðu gæti við að taka á móti einstaklingum undir áhrifum vímuefna. Rætt hafi verið við forstjóra Landspítalans um möguleika á því að fá geðlækni á lögreglustöðina til að meta handtekna einstaklinga, þegar svo ber undir, í því augnamiði að greiða fyrir innlög þeirra á deildir geðsviðs þegar þess þyrfti með. Undirtektir yfirmanna deildanna hafi hins vegar verið dræmar. Vegna takmarkaðs opnunartíma bráðamóttöku geðdeildar þurfi oft að fara með handtekna einstaklinga í slæmu andlegu ástandi á bráðamóttökuna í Fossvogi.

Við eftirfylgnina kom fram að samtal milli embættisins og Landspítalans um að endurskoða verklag þeirra á milli vegna handtekinna einstaklinga sem þarfnast geðheilbrigðisþjónustu hafi ekki leitt til úrbóta í þessum efnum.

Tilkynningar um vistun barna

Þrátt fyrir skýrar reglur í verklagi var skráningu um tilkynningar til barnaverndaryfirvalda og forsjáaraðila ekki að finna í neinni af þeim átta vistunarskýrslum barna sem umboðsmaður fékk afhentar í tengslum við eftirfylgnina, né heldur í meðfylgjandi dagbókum. Þar með er ekki staðhæft að tilkynningunum hafi ekki verið sinnt eða þær ekki skráðar annars staðar.⁷ Þessi framkvæmd er þó ekki í samræmi við verklagið. Lengd vistunar kemur aftur á móti fram í öllum skýrslunum sem og hvort barni var borin næring eða því fylgt á salerni. Aðrar upplýsingar um tilhögun vistunar barnanna koma ekki fram í skýrslunum, svo sem upplýsingar um aukna vöktun eða hvort fyrirkomulag vistunarinnar sé að einhverju leyti með öðrum hætti en hjá fullorðnum.

7 Í athugasemdum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við drög að þessari skýrslu 15. desember sl. kemur fram að tilkynningar til barnaverndar séu alltaf skráðar þótt slíka skráningu sé ekki að finna í vistunarskýrslum. Engu að síður hafi verið ítrekað við starfsmenn að skrá tilkynningar til barnaverndar í vistunarskýrslu í samræmi við verklagsreglur um fangageymslur LRH.

Túlkabjónusta

Upplýsingar um lögbundin réttindi handtekinna til túlkabjónustu koma fram á upplýsingablaði um réttindi handtekinna sem og í verklagsreglum. Fram kom af hálfu embættisins að þessi réttindi séu skýr og áhersla af hálfu þess á að tryggja þau í framkvæmd. Ekkert var hins vegar skráð um túlkabjónustu í þær vistunarskýrslur og meðfylgjandi dagbækur sem umboðsmaður fékk afhentar, í þeim tilvikum þar sem um var að ræða eða kann að hafa verið um að ræða útlendinga.⁸

2.4

Vinna stendur yfir

Í sumum tilvikum er um það að ræða að vinna hefur verið hafin í kjölfar tilmæla eða ábendinga umboðsmanns en henni er enn ekki lokið þegar eftirfylgni umboðsmanns fer fram. Við slíkar aðstæður heldur umboðsmaður upplýsingum um þá vinnu til haga og heldur áfram að fylgjast með þróun mála, til dæmis með því að kalla eftir frekari upplýsingum, sé talið tilefni til. Má hér einkum nefna:

Upplýsingablað um myndvöktun, réttindi og kæruleiðir

Upplýsingablað um myndvöktun, réttindi og kæruleiðir er í vinnslu hjá embættinu. Þá er hafin vinna við gerð verklags um rafræna vöktun hjá lögreglu, þar á meðal í fangageymslum.

Upplýsingablað handa börnum

Í samstarfi við ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytið er unnið að sérstöku upplýsingablaði fyrir börn sem vistast í fangageymslu á skýru og einföldu máli sem hæfir aldri þeirra og þroska.

⁸ Í athugasemdum lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu við drög að þessari skýrslu 15. desember sl. er athygli vakin á að þótt ekkert sé skráð um túlkabjónustu í vistunarskýrslu séu þær ávallt skráðar í mætingarskýrslu og dagbók lögreglu. Ítrekað hafi verið við starfsmenn að túlkabjónusta sé skráð í vistunarskýrslu í samræmi við verklagsreglur.

Samráðsvettvangur settur á fót

Í kjölfar skýrslu umboðsmanns frá 2020 um fangageymsluna var settur á fót samráðsvettvangur dómsmálaráðuneytis, embættis ríkislögreglustjóra og embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem var ætlað að skoða nánar þær athugasemdir umboðsmanns sem lutu að lagaumhverfi um stöðu og vistun einstaklinga í fangageymslum lögreglu auk annarra atriða sem nefnd voru í skýrslunni. Samkvæmt þeim upplýsingum sem umboðsmanni hafa verið veittar er þessari vinnu ekki lokið. Liggja því ekki fyrir endanleg viðbrögð við tilmælum og ábendingum umboðsmanns sem sérstaklega lutu að þessum þáttum, svo sem:

Reglur um ákvarðanatöku og framkvæmd vistana

Ekki liggja fyrir endanleg viðbrögð við tilmælum umboðsmanns um að fara yfir það hvernig gæta þurfi reglna stjórnisýslulaga, óskráðra grundvallarreglna stjórnisýsluréttarins og vandaðra stjórnisýsluhátta um upplýsingagjöf og samspil þessara reglna við aðrar lagareglur sem gilda um málsmeðferð við töku ákvarðana og framkvæmd við vistun í fangageymslu lögreglunnar. Samkvæmt þeim upplýsingum sem umboðsmanni voru veittar hafa þessi álitæfni verið til skoðunar í umræddum samráðshópi.

Leiðbeiningar um kvörtunar- og kæruleiðir

Ekki liggja fyrir endanleg viðbrögð við tilmælum umboðsmanns um að tryggja þurfi að handteknir einstaklingar séu upplýstir með formlegum og sannanlegum hætti um kvörtunar- og kæruleiðir sem þeim standa til boða, bæði innan og utan lögreglunnar, þar á meðal hvert þeir geti leitað með ábendingar, kvartanir eða kærur og að þær skriflegu upplýsingar sem veittar eru við handtöku taki mið af því. Samkvæmt þeim upplýsingum sem umboðsmanni voru veittar hafa þessi álitæfni verið til skoðunar í umræddum samráðshópi.

Ekki brugðist við

Loks er ljóst að við ákveðnum tilmælum og ábendingum umboðsmanns hefur ekki verið brugðist eða þá að brugðist hafi verið við með þeim hætti sem umboðsmaður telur óhjákvæmilegt að leggja að jöfnu við að ekki hafi verið brugðist við. Má hér til dæmis nefna eftirfarandi:

Aðbúnaður á salerni við móttökuskrifstofu

Ekki hafa verið gerðar úrbætur á frágangi ofna, röra og járnfestinga á salerni við móttökuskrifstofu.⁹

Staðsetning bjallna

Tilmæli umboðsmanns um að taka staðsetningu bjallna í klefum til skoðunar með tilliti til þess hvort hægt sé að gera þær aðgengilegri vegna sérþarfa fólks með hreyfihömlun og mismunandi ástands handtekinna einstaklinga, svo sem vegna ölvunar eða annars vímuástands, voru tekin til skoðunar en að sögn reyndist ekki unnt að verða við þeim vegna erfiðleika í framkvæmd. Þannig mátti ráða að tilfærsla bjallnanna væri flókin og kostnaðarsöm. Fram kom af hálfu stjórnenda að komið sé til móts við hreyfihamlaða með aukinni vöktun, innliti í klefa og með því að stækka myndir úr klefum þeirra uppi á skjá á varðstofu.

Hljóðmerki tengd bjöllum í klefum

Af heimsókn umboðsmanns og starfsmanna hennar í fangageymsluna í október síðastliðnum varð ljóst að hljóðmerki tengd bjöllum þriggja klefa voru ekki virk, þótt af vistunarskýrslum mætti ráða að nokkuð væri um vistanir í þeim tilteknu klefum.

⁹ Sjá til hliðsjónar frétt umboðsmanns danska þjóðþingsins 4. júní 2020 um sjálfsvíg fanga í sjúkrahúsálmu Vestre-fangelsisins í Kaupmannahöfn: https://www.ombudsmanden.dk/find-viden/nyheder/2020/indsats_skal_forebygge_selvmord [sótt á vef 9. desember 2025].

Stýring lýsingar í klefum

Ábending umboðsmanns um að leita leiða til að gera vistuðum kleift að stýra lýsingu inni í klefum sínum var tekin til skoðunar en ekki reyndist unnt að verða við henni vegna erfiðleika í framkvæmd. Fram kom að mikill kostnaður væri falinn í umræddum breytingum en vistaðir geti, eftir sem áður, óskað eftir því við fangaverði að kveikt verði eða slökkt á ljósum.

Í heimsókn umboðsmanns og starfsmanna hennar í fangageymsluna í október síðastliðnum kom fram að í raun væri ekki orðið við óskum vistaðra um að slökkva ljós vegna öryggissjónarmiða. Kúpull sem er til verndar myndavélum í klefum valdi því að næturhamur myndavélanna virki ekki. Ljós séu því almennt alltaf kveikt í klefum fangageymslunnar.¹⁰

Einstaklingsbundið mat á þörf fyrir myndvöktun

Í verklagsreglum er ekki kveðið á um sérstakt mat á þörf fyrir myndvöktun. Því eru allir þeir sem vistast í fangageymslu stöðugt í mynd og verður ráðið að það fyrirkomulag grundvallist á öryggissjónarmiðum.

Næring

Í verklagsreglum segir að bjóða skuli vistuðum einstaklingi næringu og drykk fljótlega eftir komu í fangageymslu og reglulega meðan á vistun standi með hliðsjón af atvikum að öðru leyti, einkum ef ástand hans er bágborið. Þannig skuli bjóða næringu á viðeigandi tímum og að minnsta kosti eina staðgóða máltíð sé vistun 24 tímar. Skrá skuli í vistunarskýrslu hvenær viðkomandi er boðin næring og hvernig brugðist er við boðinu.

Af tæplega hundrað vistunarskýrslum sem umboðsmaður skoðaði vegna eftirfylgninnar kom í meirihluta tilvika fram að hinn vistaði hefði fengið eða verið boðið vatn eða annar drykkur. Í um fjórðungi tilvika kom hins vegar ekkert fram um það. Í þeim tilvikum var þó oftast nær um að ræða skemmri vistanir. Í rúmlega helmingi tilvika kom fram að viðkomandi hefði fengið eða verið boðin samloka. Í tæplega helmingi tilvika kom hins vegar ekkert fram um hvort eða hvenær viðkomandi var borinn matur, þótt skylt sé að skrá þær upplýsingar í vistunarskýrslu.¹¹ Þegar um var að ræða lengri vistanir þar sem viðkomandi var ekki boðin næring komu ástæður þess ekki fram í vistunarskýrslum.

¹⁰ Fjallað verður nánar um þetta atriði í væntanlegri skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 10. og 11. október 2025. Skýrslan var óbirt við útgáfu þessarar skýrslu.

¹¹ Samkvæmt f-lið 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., ber að skrá í vistunarskýrslu hvenær handteknum manni var borinn matur.

Samkvæmt stjórnendum endurspeгла vistunarskýrslur ekki nægjanlega vel hvort handteknum einstaklingum hafi verið boðin næring, þar sem ekki virðist ávallt hafa verið gætt að skráningum að þessu leyti. Þótt ekki verði annað séð en að einhver framför hafi orðið frá síðustu heimsókn umboðsmanns hvað skráningu um þessi atriði varðar gefa myndupptök úr fangageymslu, sem umboðsmaður aflaði í tengslum við eftirfylgnina, og heimsókn hennar þangað í október síðastliðnum til kynna að í einhverjum tilvikum kunni að skorta á að því sé sinnt að bjóða vistuðum upp á næringu og vökva, jafnvel í þeim tilvikum þegar vistun varir í þónokkrar klukkustundir.

2.7

Sérstök áhyggjuefni

Umboðsmaður Alþingis vill sérstaklega benda á eftirfarandi atriði sem hún hefur þungar áhyggjur af og mælist til þess að brugðist verði við með skjóttum hætti. Nánar mun verða fjallað um þau í væntanlegri skýrslu umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar í fangageymslu lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 10. og 11. október 2025.¹²

Möguleikar vistaðra til að komast á salerni

Samkvæmt verklagi er varðstjóra nú heimilt að kalla eftir aðstoð annarra lögreglumanna, þurfi að sinna vistuðum einstaklingi þannig að kalli á aukamannskap, til að mynda við salernisferðir. Á fundi með stjórnendum 11. apríl 2024 kom fram að ekki sé ávallt unnt að verða við beiðnum um salernisferðir án tafar. Stafi þetta einkum af mönnunarvanda en viðvarandi samtal sé við dómsmálaráðuneytið um mönnun. Bið eftir salernisferðum sé þó allajafna ekki löng.

Af vistunarskýrslum og myndupptökum sem umboðsmaður fékk afhentar í tengslum við eftirfylgnina, auk heimsóknar hennar í fangageymsluna í október síðastliðnum, má draga þær ályktanir að nokkuð kunni að skorta á framfylgni með verklagi samkvæmt verklagsreglum. Þannig varð ekki annað ráðið af myndupptökunum en að töluverðir misbrestir gætu verið á viðbragðstíma þegar óskað væri aðstoðar, svo sem til að komast á salerni, með þeim afleiðingum að vistaðir gætu neyðst til að gera þarfir sínar í klefanum.

¹² Við útgáfu þessarar skýrslu var tilvitnuð skýrsla enn óbirt.

Af skoðun tæplega hundrað vistunarskýrslna kom í rúmum helmingi tilvika ekkert fram í þeim um salernisferðir eða hvort hinum vistaða hafi verið boðið að fara á salernið. Þannig var til að mynda dæmi um einstakling sem vistaðist í fangageymslu í tæpan sólarhring en ekkert var skráð um að viðkomandi hafi farið á salernið eða honum boðið það. Rétt er þó að gera þann fyrirvara að í einhverjum tilvikum kunna vistaðir einstaklingar að hafa sofnað í klefa. Framangreint vekur engu að síður upp spurningar um hvort vistaðir séu upplýstir um aðgang að salerni og hvort skráning sé með fullnægjandi hætti.

Virkt eftirlit með vistuðum

Samkvæmt verklagsreglum á að meta hversu oft viðkomandi þarfnast vitjunar og þörf hans fyrir umönnun og heilbrigðisþjónustu. Niðurstaða mats og tíðni eftirlitsferða skuli skráð í dagbók og með rafrænu eftirliti við klefadyr.

Af dagbók vistunar og vistunarskýrslum sem umboðsmaður fékk afhentar má ráða að veruleg vanhöld séu á skráningu á reglubundnu eftirliti. Þá eru, samkvæmt þeim myndupptökum sem umboðsmaður óskaði eftir í tengslum við eftirfylgnina, ákveðnar vísbendingar um að á skorti að rauneftirliti með vistuðum sé í öllum tilvikum sinnt með fullnægjandi hætti. Þannig varð ekki annað séð en að sú framkvæmd kynni að tíðkast að starfsmenn í fangageymslu, sem eiga að sinna slíku eftirliti, létu nægja að skanna kortið sitt með því að bera það upp að lesara við klefadyr án þess að líta inn í klefann. Þá komu fram vísbendingar í einstökum tilvikum um að verulega kynni að hafa skort á að einstaklingum í sérstaklega viðkvæmri stöðu hefði verið sinnt að þessu leyti á meðan þeir vistuðust í klefa, jafnvel þótt ástand þeirra hefði átt að kalla á tíðari vitjanir en ella. Nánar verður vikið að slíku tilviki í 4. kafla skýrslunnar.

Vistun klæðalausra einstaklinga í klefa

Umboðsmaður mæltist til þess að gerðar yrðu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að handteknir einstaklingar sem glíma við sjálfsskaðandi hegðun eða eru í sjálfsvígshættu séu af öryggisástæðum berháttaðir og dveljist klæðalausir í fangaklefa. Á fundi með stjórnendum 11. apríl 2024 kom fram að það heyrði til algjörra undantekninga að einstaklingar í þessu ástandi séu berháttaðir og það sé þá að jafnaði í stuttan tíma. Það kunni þó að eiga sér stað að menn séu í skemmri tíma naktir í mynd og uppi á skjá í vaktherbergi, séu þeir ekki taldir í ástandi til að fá fatnað eða ábreiðu vegna sjálfsskaðahættu. Að mati stjórnenda sé það mjög óheppilegt en afar dýrt sé að kaupa öryggisklæðnað auk þess sem jafnvel sé einnig hægt að nota slíkan klæðnað til að skaða sig. Óskað sé eftir aðkomu heilbrigðiskerfisins varðandi þessi mál.

Líkt og áður hefur komið fram óskaði umboðsmaður við vinnslu skýrslunnar eftir myndupptökum vegna vistunar tiltekinna tveggja einstaklinga í fangageymslu. Í öðru tilvikinu var einstaklingur færður úr fötum sínum, meðal annars þannig að þau voru klippt utan af honum, og hann vistaður klæðalaus í klefa nær allan þann tíma sem hann dvaldist þar eða í um sjö klukkustundir. Skráningum í vistunarskýrslu var ábótavant í því tilviki og því ekki unnt að átta sig á hvort þessi framkvæmd stafaði af því að viðkomandi hafi verið metinn í sjálfsskaða- eða sjálfsvígshættu eða af öðrum orsökum.

Ljóst er að framkvæmdin í ofangreindu tilviki var hvorki í samræmi við verklagsreglur né þær upplýsingar um fyrirkomulag vistunar í tilvikum sem þessum sem starfsmönnum umboðsmanns voru veittar á fundi með stjórnendum og raktar eru hér að framan. Í heimsókn umboðsmanns og starfsmanna hennar í fangageymsluna í október síðastliðnum komu jafnframt fram vísbendingar um að tilvik þar sem einstaklingar eru vistaðir án klæða í fangaklefa kunni að vera tíðari en umboðsmaður hafði áður upplýsingar um.

3

Tilmæli og ábendingar áréttaðar

Umboðsmaður Alþingis telur tilefni til að árétta við **lögreglustjóran** á höfuð-**borgarsvæðinu** eftirfarandi tilmæli og ábendingar í tilefni af eftirfylgni hennar með skýrslu umboðsmanns um fangageymsluna á lögreglustöðinni við Hverfisgötu frá árinu 2020:

Með tilliti til sjónarmiða um persónuvernd sem rakin eru í skýrslu umboðsmanns frá 2020 er því áfram beint til lögreglustjórans að tryggja að handteknir menn í fangageymslu séu ávallt upplýstir um myndvöktun í klefum með fullnægjandi hætti.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að hafa í huga við myndvöktun þau sjónarmið um nauðsyn og meðalhóf sem rakin eru í skýrslu umboðsmanns frá 2020, fylgja eftir áformum um gerð skýrari reglna um rafræna vöktun og gæta þess að vistaðir einstaklingar séu upplýstir um þær.

Tilefni þykir til að ítreka við lögreglustjóran að tryggja að vistuðum í fangageymslu sé unnt að fylgjast með hvað tímanum líður meðan þeir dvelja í fangaklefa.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að tryggja að hljóðmerki tengd bjöllum í klefum séu alltaf virk og kveikt á þeim.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að leitast við að gera frekari ráðstafanir til að hindra að utanaðkomandi aðilar sjái handtekna einstaklinga þegar þeir eru færðir inn í fangageymsluna. Verði því ekki komið við að taka þá mið af ábendingunni verði af áformum um byggingu nýrrar lögreglustöðvar.

Umboðsmaður er meðvituð um skýringar lögreglustjórans á erfiðri stöðu hvað mönnun varðar í ljósi hagræðingarkrafna en leggur þó áherslu á að forgangsörðun taki mið af því að í fangageymslum dvelur frelsissvipt fólk á ábyrgð embættisins. Með tilliti til þess er því áfram beint til lögreglustjórans að tryggja að fylgt sé eftir verklagi um nauðsynlegan liðsauka í fangageymslu til að sinna vistuðum einstaklingum.

Umboðsmaður er meðvituð um stöðu embættisins þegar kemur að samstarfi við heilbrigðiskerfið. Áfram verður fylgst með þróun þessara mála en umboðsmaður telur ekki stætt á öðru en að ítreka tilmæli sín um að nauðsynlegt sé að tryggja aðkomu heilbrigðisstarfsfólks að mati á ástandi handtekinna manna áður en þeir vistast í fangageymslu.

Umboðsmaður beinir þeirri ábendingu til lögreglustjórans að betur kunni að fara á því að fyrirkomulag við vistun barna, svo sem aukin vöktun, sé að finna í skráðum verklagsreglum og liggi þannig fyrir.

Því er beint til lögreglustjórans að fylgja eftir verklagi um skráningu tilkynninga til barnaverndar og forsjáraðila í vistunarskýrslur og tryggja að verklag og framkvæmd að þessu leyti samrýmist lögum og reglum, þar á meðal 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl.

Því er beint til lögreglustjórans að skráning endurspegli hvort handteknum einstaklingi hafi verið boðin túlkaþjónusta, sbr. til hliðsjónar k-lið 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., varðandi skráningu atriða í vistunarskýrslur sem máli kunna að skipta. Er hér meðal annars höfð í huga þýðing skráningar fyrir störf eftirlitsaðila, þannig að við eftirlit sé unnt að skoða hvort réttaröryggi borgaranna hafi verið tryggt með þeim hætti sem lög gera ráð fyrir.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að tryggja að verklag og mönnun í fangageymslu taki mið af því að hægt sé að bregðast við beiðni handtekinna einstaklinga um salernisferðir án tafar, sé þess nokkur kostur.

Það er mat umboðsmanns að ekki geti almennt talist fullnægjandi að handteknir einstaklingar í fangageymslu geri þarfir sínar í klefum þar sem er engin salernisaðstaða og þá í hljóði og mynd. Í þessu sambandi er rétt að nefna að skortur á hreinlæti og næði við að gera þarfir sínar ásamt öðrum bágunum aðbúnaði í varðhaldi getur falið í sér vanvirðandi meðferð í skilningi 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi þarf jafnframt að hafa í huga sérþarfir kvenna, meðal annars með tilliti til hreinlætis og aðgangs að tíðavörum.

Þeirri ábendingu er komið á framfæri að skoða hvort rétt væri að starfsfólk skrái og eftir atvikum rökstyðji þegar ekki er orðið við ósk um salernisferð, svo sem telji starfsmaður annarlegar hvatir búa að baki slíkri beiðni eða að ástand viðkomandi sé þannig að ekki sé öruggt að fara með hann á salerni. Til hliðsjónar vísast hér til k-liðar 22. gr. reglugerðar nr. 651/2009, um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl., varðandi skráningu atriða í vistunarskýrslur sem máli kunna að skipta. Slík skráning væri meðal annars til þess fallin að auðvelda störf eftirlitsaðila.

Því er beint til lögreglustjórans að tryggja að 14. gr. verklagsreglna um næringu sé fylgt eftir í framkvæmd, standi ástand þess vistaða því ekki í vegi, svo sem vegna vímuefnaáhrifa, og að gætt sé að skráningu þar um. Í ákvæðinu er kveðið á um að bjóða skuli vistuðum einstaklingi næringu og drykk fljótlega eftir komu í fangageymslu og reglulega meðan á vistun standi með hliðsjón af atvikum að öðru leyti, einkum ef ástand hans er bágborið.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að bæta frágang á ofnum, rörum og járnfestingum á salerni við móttökuskrifstofu til að koma í veg fyrir að handteknir einstaklingar geti skaðað sig eða aðra.

Umboðsmaður gerir sér grein fyrir erfiðleikum í framkvæmd við að breyta staðsetningu bjallna í klefum fangageymslunnar og hefur meðtekið skýringar lögreglustjórans á aðstæðum en telur engu að síður að áfram skuli halda tilmælunum til haga og leita lausna til að koma til móts við þau.

Því er beint til lögreglustjórans að tryggja fylgni við verklag um virkt eftirlit með handteknunum einstaklingum í fangageymslu og að eftirlitið taki með fullnægjandi hætti mið af atvikum hverju sinni, meðal annars með öryggi vistaðra að leiðarljósi. Þá þarf einnig að tryggja að skráningu eftirlitsins sé sinnt með fullnægjandi hætti.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að leita allra leiða til að tryggja að handteknir einstaklingar í sjálfsskaða- eða sjálfsvígshættu séu ekki berháttaðir með þeim afleiðingum að þeir dveljist klæðalausir í fangaklefa meðan á myndvöktun stendur.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að taka út samspil milli stjórnsýslureglna og annarra reglna um málsmeðferð, ákvarðanatöku og framkvæmd vistunar í fangageymslum lögreglu og endurskoða á grundvelli þeirrar úttektar verklag um upplýsingagjöf og leiðbeiningar til vistaðra.

Því er áfram beint til lögreglustjórans að tryggt sé með formlegum og sannanlegum hætti að handteknir einstaklingar sem eru vistaðir í fangageymslum séu upplýstir um mögulegar kvörtunar- og kæruleiðir.

4 Upplýsingar sem gáfu tilefni til nýrrar heimsóknar

Líkt og áður hefur komið fram kom nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL) á framfæri við umboðsmann Alþingis ábendingu um vistanir tveggja einstaklinga í fangageymslunni á lögreglustöðinni við Hverfisgötu sem höfðu komið til skoðunar hjá nefndinni.¹³ Í júní 2025 var af þessu tilefni óskað eftir tilteknum upplýsingum og gögnum frá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu varðandi umræddar vistanir. Umbeðnar upplýsingar og gögn bárust í ágúst og september 2025. Meðal gagnanna voru upptökur úr eftirlitsmyndavélum af vistunum umræddra tveggja einstaklinga sem áttu sér stað í mars og ágúst 2024, auk vistunarskýrsla vegna þeirra.

Málin varpa ljósi á tiltekna ágalla sem virðast vera á meðferð vistaðra í fangageymslunni. Sumir þeirra eru afmarkaðir við vistanir umræddra einstaklinga á meðan aðrir eru almennir. Hvað hið síðarnefnda varðar má nefna að ekki varð annað ráðið en að á þeim tíma sem umræddar vistanir fóru fram hafi verið búið að hengja pappírsarkir fyrir lúguop á klefadyrum í þeim klefum fangageymslunnar þar sem einstaklingar vistuðust. Það verður að ganga út frá því að með þessum hætti sé vistuðum gert ókleift að sjá fram á gang út um opið, auk þess sem þeir geta þá hvorki séð á merki um rafræna vöktun né klukkur sem hafa verið hengdar upp á vegg klefagangsins og þannig fylgst með hvaða tímanum líður, meðal annars til að gæta að réttindum sínum tengdum vistuninni. Þá mátti af upptökunum sjá þá framkvæmd starfsmanns í fangageymslu að rauneftirliti væri sinnt með þeim hætti að starfsmaður bar kort sitt kerfisbundið upp að lesurum sem staðsettir eru við hvern klefa án þess að líta inn um klefaop og gæta þannig að þeim sem vistaðist í klefanum. Það má því ganga út frá því að skráningar beri með sér að rauneftirliti hafi verið sinnt þó svo að það hafi einungis farið fram með þessum hætti.

13 Um er að ræða ákvarðanir nefndarinnar í málum nr. 22/2025 og 26/2025 frá 11. apríl 2025.

Hvað varðar þau einstöku mál sem sérstaklega voru til skoðunar var viðkomandi í öðru tilvikinu færður úr fötum sínum, meðal annars þannig að þau voru klippt utan af honum, og hann vistaður klæðalaus í klefa nær allan þann tíma sem hann dvaldist þar eða í um sjö klukkustundir. Skráningum í vistunarskýrslu var ábótavant í því tilviki og því ekki unnt að átta sig á hvort þessi framkvæmd stafaði af því að viðkomandi hafi verið metinn í sjálfsskaða- eða sjálfsvígshættu eða af öðrum orsökum. Af myndupptökunni varð hvorki séð að rauneftirliti með einstaklingnum hefði verið sinnt með fullnægjandi hætti né að óskað hafi verið eftir aðkomu heilbrigðisstarfsmanns. Þá var óskum viðkomandi um aðstoð ekki svarað, þ.e. þegar hann hringdi bjöllu, hann neyddist til að gera þarfir sínar inni í klefa, auk þess sem ekki varð séð að honum hefði verið boðinn matur eða drykkur, jafnvel þótt viðkomandi hafi kastað upp í klefanum. Skráningum um öll ofangreind atriði var ábótavant. Ljóst er að framkvæmdin í þessu tilviki var hvorki í samræmi við verklagsreglur né þær upplýsingar um fyrirkomulag vistunar í tilvikum þegar einstaklingur er metinn í sjálfsskaða- eða sjálfsvígshættu sem starfsmönnum umboðsmanns voru veittar á fundi með stjórnendum og raktar eru í kafla 2.7. Í hinu tilvikinu sem um ræðir var einnig ljóst að skráning í vistunarskýrslu um umsjón með hinum vistaða var ekki fullnægjandi.

Framangreindir ágallar á meðferð vistaðra í fangageymslu á lögreglustöðinni við Hverfisgötu urðu til þess að umboðsmaður taldi tilefni til að fara í heimsókn í fangageymsluna á grundvelli OPCAT-eftirlits síns. Heimsóknin var farin að kvöldi 10. október og stóð fram á morgun 11. október 2025 og var heimsóknin afmörkuð við tiltekna þætti varðandi eftirlit og umsjón með vistuðum í fangageymslu. Ekki var upplýst um nákvæma tímasetningu heimsóknarinnar fyrirfram. Gefin verður út sérstök skýrsla vegna heimsóknarinnar.

5

Lokaorð

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar er heimsókn umboðsmanns Alþingis á lögreglustöðina við Hverfisgötu 15.–17. apríl 2019 og eftirfylgni með henni lokið. Af eftirfylgninni er ljóst að fylgni við tilmæli og ábendingar umboðsmanns vegna umræddrar heimsóknar telst ágæt, þótt enn sé töluvert svigrúm til frekari úrbóta í samræmi við athugasemdir umboðsmanns.

Rétt er að nefna að þótt eftirfylgni sé lokið að sinni er gert ráð fyrir því að OPCAT-eftirlit umboðsmanns, sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, sé kerfisbundið og reglulegt. Geta þau atriði sem nú voru til skoðunar og fjallað hefur verið um í þessari skýrslu því komið aftur til athugunar umboðsmanns í síðari heimsóknum á grundvelli eftirlitsins.

Umboðsmaður mun jafnframt fylgjast með framvindu þeirra mála sem hér hafa verið til umfjöllunar í gegnum kvartanir og ábendingar sem henni kunna að berast. Auk þess sem tiltekin atriði sem koma fram í kvörtunum og ábendingum geta komið til skoðunar á grundvelli OPCAT-eftirlitsins geta þau einnig orðið tilefni athugana á grundvelli frumkvæðisheimildar umboðsmanns, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1997.

Umboðsmaður Alþingis
www.umbodsmadur.is

Þórshamri
Templarasundi 5
101 Reykjavík